



Leiðbeiningar

6.4.3. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Dyr innanhúss

Í grein 6.4.3 í byggingarreglugerð segir:

„Breidd og hæð innihurða skal vera þannig að fullnægt sé þörf vegna þeirrar umferðar sem gert er ráð fyrir innan byggingarinnar.

Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m. Í öðrum byggingum skal hindrunarlaus umferðarbreidd dyra innanhúss vera að lágmarki 0,70 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m. Heimilt er að dyr séu minni í rýmum sem telja má sem innbyggða skápa, s.s. litla ræstiklefa, lítil tæknirými o.b.h.

Dyr í byggingum skulu þannig frágengnar að allir, þar með talið fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Miða skal við að átak við að opna hurð sé mest 25 N á handfangi og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40 N.

Dyr innan íbúða fyrir hreyfihamlaða skulu vera þröskuldslausrar.


Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar


- 1 Breidd og hæð hurðarblaða innanhúss skal fullnægja þeirri þörf umferðar sem gert er ráð fyrir í byggingunni svo og þörf vegna rýmingar, samanber 9. hluta byggingarreglugerðar.
Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar er að minnsta kosti 0,80 m x 2,00 m. Hindrunarlaus umferðarbreidd (umferðarmál) mælist með hurðarblað 90° opið frá mótlægum karmi að hurðarblaði. Þar sem ekki er unnt að opna hurð meira en 90° og handföng eru sett á hurðarblað nálægt lömum þarf að breikka umferðarmálið sem því nemur. Í öðrum byggingum er lágmarksbreidd hurðarblaða 0,70 m og lágmarkshæð 2,00 m.



Leiðbeiningar



Mynd 1. Dæmi um hurð á lömum



Mynd 2. Dæmi um rennihurð

- 2 Í byggingum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skulu dyr innanhúss vera þröskuldslausar, eða með þröskuldum sem auðvelt er að fjarlægja til dæmis þröskuldar sem eru límdir niður milli karma.
- 3 Dyr skulu þannig frágengnar að allir, þar með talið er fólk í hjólastól, geti opnað þær án erfiðleika. Til þess að fólk með takmarkaðan kraft í fingrum og höndum geti opnað hurðir verða hurðirnar að vera með hámarks hurðarátaki 25 N (sem samsvarar þyngd upp um það bil 2,5 kg) og mesti þrýstingur eða tog ekki yfir 40 N. Mælt er með sjálfvirkum hurðaropnunarþunaði sérstaklega við inngangs- og brunaútgangsdyr.

Tilvísanir

- <http://www.rabygg.is/adgengi/>